

42. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Flatasíðu 5, Mánudaginn 12. október 2015 kl. 20:00

Mætt: Ágústa Ólafsdóttir, Jón Lárusson, Elín Dögg Gunnarsdóttir og María H. Tryggvadóttir
Forfallaðir: Kristján Kristjánsson og Finnur Jóhannesson

Dagskrá:

1. Afmælistjóðurinn og staða verkefna

Ekkert hefur verið notað af sjóðnum sem af er árinu.

Útivistarsvæðið

Fulltrúar Framkvæmdardeildar og Fasteigna, umhverfisnefnd Síðuskóla og fulltrúa skógræktarinnar í Kjarnaskógi auk Maríu fulltrúa Hverfisnefndarinnar hafa fundað í haust og í framhaldi af þeim fundum fóru framkvæmdir við útivistarsvæðið vestan við Síðuskóla af stað núna í byrjun október.

Fasteignir eru að útbúa dren vestan við sparkvöllinn og grasflötina vestan við skólann. Sá jarðvegur sem þar kemur verður notaður í að móta hólinn inn á útivistarsvæðinu auk þess sem verktakinn heldur áfram með útivistarsvæðið. Slétta þarf svæðið umhverfis grillið og útikennslustofuna og a.m.k. 2 – 3 svæði þar sem setja á upp þrautabrautir. Grafið verður fyrir undirstöðum fyrir skjólvegg fyrir útikennslustofuna (sem settur verður upp núna í haust) og mótaður skjólkantur við útigrillið, náttúrurstígarnir um svæðið verða breikkaðir og borið í þá meira efni. Hóllinn og skjólkanturinn verða báðir þökulagðir.

Þessu til viðbótar verður fjárfest í grillhúsi sem Framkvæmdardeildin sér um að panta núna og setja upp á næsta ári.

EKKI er komið á hreint hvað framkvæmdirnar við útivistarsvæðið munu kosta en grillhúsið kostar um 800.000.

Beðin meðfram stígunum upp að Glerárkirkju

Illa hefur farið fyrir beðunum sem sett voru við stígin upp að kirkjunni, en þau hafa m.a. lent illa í snjómoksturstækjum. Nefndin óskar eftir að plantað verði nokkrum háum trjám í runnabeðin til þess að snjómokstursaðilar sjái betur hvar beðin eru, að beðin verði löguð (bætt við runnum/plöntum í stað þeirra sem hafa verið skemmdir) og einnig settar upp stikur til að auðvelda snjómokstursaðilum að sjá hvar beðin eru.

Ávaxtartré við „Rauða róló“

Eitt af óskum nefndarinnar á fyrsta ári sjóðsins var að láta planta nokkrum ávaxtartrjám á svæðinu við „Rauða róló“. Í ljós kom að þau drápu öll og hefur nýjum trjám verið plantað í þeirra stað, innan leikvallarins.

Söguskilti

Eitt af verkefnum ársins í ár var að láta gera söguskilti um sögu Síðuhverfis, segja frá örnefnum, þróun byggðar og helsta kennileiti hverfisins - Glerárkirkju. Ef einhver afgangur verður af sjóði ársins óskar nefndin eftir að farið verði af stað með þá vinnu. Því óskar nefndin eftir ábendingum, myndum og fleira frá þeim sem þekja til hverfisins og sögu þess.

2. Aðalfundur Hverfisráðsins

Ákveðið var að halda aðalfundi hverfisins í byrjun nóvember. Fundurinn verður auglýstur þegar nær dregur.